

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 1/2003 um skilafresti á árinu 2003 fyrir launaskýrslur og fleira skv. 92. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Skilafrestur eftirtalinna gagna vegna ársins 2002 hefur verið ákveðinn sem hér segir:

I. Til 27. janúar 2003:

1. *Launamiðar RSK 2.01* ásamt almennu *launaframtali RSK 1.05*. Á launamiðum komi meðal annars fram sundurliðaðar upplýsingar um hvers konar greiðslur í formi launa og hlunninda, styrkja, bóta eða annarra tekna svo og greiðslur til verktaka fyrir efni og vinnu, svo sem áskilið er.
2. *Greiðslumiðar* vegna lífeyris, tryggingabóta og atvinnuleysisbóta.
3. *Hluta fjármíðar RSK 2.045* ásamt *samtalningsblaði RSK 2.04*.
4. *Stofnsjóðsmiðar RSK 2.065* ásamt *samtalningsblaði RSK 2.06*.

Ofangreindur frestur er framlengdur til 7. febrúar 2003, sé gögnum skilað á tölvutæku formi samkvæmt færslulýsingu RSK.

II. Til 14. apríl 2003:

1. Gögn frá lífeyrissjóðum, líftryggingafélögum og fjármálastofnunum um iðgjöld og framlög launagreiðenda til lífeyrissjóða og til viðbótarlífeyristryggingar.
2. *Greiðslumiðar RSK 2.02* yfir hvers konar greiðslur fyrir leigu eða afnot af lausafé, fasteignum og fasteignaréttindum, sbr. 1. og 2. tölulið C-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981.
3. *Greiðsluyfirlit RSK 2.025* yfir hvers konar greiðslur til erlendra aðila og annarra, sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi, og skattskyldar eru skv. 3. og 6. tölul. 3. gr. laga nr. 75/1981 sem ekki er gerð grein fyrir á þeim skilagreinum RSK, sem taldar eru upp hér að framan. Hér er m.a. átt við þóknanir fyrir þjónustu og greiðslur fyrir afnot eða hagnýtingu einkaleyfa og hvers konar annarra leyfa, réttinda eða sérþekkingar.
4. *Bifreiðahlunnindamiðar RSK 2.035*.
5. *Sjávarafurðamiðar RSK 2.055* ásamt *samtalningsblaði RSK 2.05*.
6. *Afurða- og innstæðumiðar RSK 2.075* ásamt *samtalningsblaði RSK 2.07*.
7. *Upplýsingar viðskipti með hlutabréf RSK 2.08* frá fjármálastofnunum.
8. *Upplýsingar hlutafélaga um kaupréttarsamninga RSK 2.085*.

Upplýsingum þessum skal, ef unnt er, skilað á tölvutæku formi samkvæmt færslulýsingu ríkisskattstjóra. Sé það ekki gert skal þeim skilað á tilsvarendi eyðublöðum RSK.

Reykjavík, 3. janúar 2003.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.